

Nd. 236. Frumvarp til laga [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu eyðijörðina Bjarnastaði í Unadal innan Hofshrepps fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddviti hreppsnefndar Hofshrepps hefur með bréfi, dags. 29. jan. s. l., óskað þess, að við þingmenn Skagf. flytjum frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hofshreppi eyðijörðina Bjarnastaði í Unadal. Bréfi oddvita fylgdi afrit af samþykkt hreppsnefndar Hofshrepps frá 28. jan. 1959, svo hljóðandi:

„Hreppsnefndin samþykkir að fela oddvita að óska eftir, að þingmenn Skagfirðinga flytji á yfirstandandi Alþingi frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja sveitarsjóði Hofshrepps eyðijörðina Bjarnastaði í Hofshreppi til ígripa-heyskapar og beitarnytja nærliggjandi bænda.“

Jörðin Bjarnastaðir, sem er eign jarðakaupasjóðs ríkisins, fór í eyði 1948 og hefur ekki byggzt síðan, og stafar það eingöngu af vegleysi og einangrun jarðarinnar.